

49

26. maí

AUGLÝSING

um alþingiskosningar þær, sem fram eiga að fara 5. júlí n. k.,
framlagningu kjörskráa og fresti.

Samkvæmt 2. grein laga nr. 8 22. apríl 1937, um breyting á lögum nr. 18 25. janúar 1934, um kosningar til Alþingis, er hér með mælt svo fyrir, að auglýsingarfrestur sá, er getur í 2. mgr. 19. greinar nefndra laga, um kosningar til Alþingis, skuli falla niður.

Samkvæmt heimild í 23. gr. kosningalaganna, er enn fremur frestur sá, er getur í 1. mgr. 19. greinar, stytur þannig, að kjörskrár skulu lagðar fram 5 vikum fyrir kjördag.

Loks styttist tími sá, sem kjörskrár eiga að liggja frammi, þannig, að hann verður tvær vikur, sbr. 3. mgr. 19. greinar kosningalaganna.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. maí 1942.

Jakob Möller.

Gústav A. Jónasson.

50

8. júní

BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ

um skoðunargjald bifreiða og prófgjald bifreiðastjóra.

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls ber eiganda að greiða 20 kr. árlegt gjald til lögreglustjóra, þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skrásett. Gjald þetta greiðist í sama gjalddaga og miðast við sama gjaldár sem bifreiðaskatturinn.

Hafi bifreið eða bifhjól aðeins verið skrásett hluta úr gjaldárinu, þá skal gjaldið þeim mun lægra, að það verði kr. 5.00 fyrir hvern ársfjórðung eða hluta úr ársfjórðungi.

2. gr.

Fyrir próf bifreiðastjóra greiði umsækjandi kr. 25.00.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 8. júní 1942.

Jakob Möller.

Gústav A. Jónasson.